

0. Verklagsregla – VL001 breytingaferli sjálfbærni-vísa

1 Tilgangur

Tilgangurinn er að lýsa ferlinu við að breyta efnislega /bæta við/ fella niður vísa í Sjálfbærni-kerfni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar hér eftir kallað Sjálfbærni-kerfnið.

2 Umfang

Verklagsreglan fjallar um þau skref sem tillaga að breytingu á vísi í Sjálfbærni-kerfninu, þarf að fara í gegnum áður en breyting getur tekið gildi. Orðið breyting nær jafnframt til tillagna að nýjum vísnum sem og niðurfellingar vísa

3 Ábyrgð

Stýrihópur Sjálfbærni-kerfnisins er ábyrgur fyrir þessu ferli

4 Framkvæmd

4.1 Tillaga að breytingu á vísi

Engin takmörkun er á því hver getur óskað eftir breytingum á vísi, upptöku nýrra eða niðurfellingu vísa. Meðferð óska um breytingar á vísnum skal vera óháð því hvaðan óskin kemur.

4.2 Efnisleg breyting eða gerð nýs vísis

Tillaga að breytingu á vísi skal leggja fram eigi síðar en 15. janúar ár hvert til þess að hún komi til afgreiðslu á næsta ársfundi. Í tillögu að breytingu skal koma fram:

- Almennur rökstuðningur fyrir breytingu
- Hvort til sé grunnástand sem hægt er að bera vísinn saman við eftir breytingu
- Hvar til eru upplýsingar um vísinn
- Hver á að taka saman upplýsingar fyrir vísinn
- Hvernig á að reikna niðurstöður fyrir vísinn

Tillögu að breytingu skal senda á verkefnastjórn verkefnisins

4.3 Forsendur fyrir breytingu vísis

Forsendur fyrir að tillaga um breytingu á vísi verði tekin til skoðunar eru eftirfarandi:

- Er breyttur vísir viðeigandi, þ.e. tenging við framkvæmdir og stefnumið um sjálfbærni?
- Vísindalegur grunnur, þ.e. eru til viðurkenndar mæliaðferðir
- Er vísir næmur fyrir breytingum?
- Sýnir vísir þróun sem hægt er að fylgjast með yfir tíma?

- Eru tiltæk gögn um grunnástand sem eru áreiðanleg, auðvelt að safna og sýna sögulegt samhengi

Uppfylli tillaga að breytingum ekki þessar forsendur getur stýrihópur hafnað breytingunni.

4.4 Rýni breytingatillagna

Þurfi frekari rýni á vísu getur stýrihópur leitað til fagaðila varðandi mat á breytingartillögum vísa. Fagaðilar geta verið háskólasamfélagið, rannsóknarstofnanir, opinberir aðilar eða aðrir þeir sem hafa sérfræðiþekkingu á málefnum sem vísirinn fjallar um.

Að fenginni umsögn fagaðila skal stýrihópur annað hvort hafna breytingartillögunni eða samþykkja.

- Samþykki stýrihópur breytingartillögu skal bera tillöguna upp á næsta ársfundi.
- Sé tillögunni hafnað skal stýrihópur gera grein fyrir tillögunni á næsta ársfundi, hvaða málsmeðferð hún fékk og af hverju henni var hafnað.


4.5 Málskotsréttur

Flutningsmaður breytingartillögu sem hefur verið hafnað af stýrihóp má bera tillöguna upp á ársfundi til samþykktar. Flutningsmaður þarf að tilkynna það a.m.k. 3 vikum fyrir ársfund og skal hann leggja fram rökstuðning fyrir tillögunni.

4.6 Tímamörk

- Tillögur um breytingar á vísu skulu berast verkefnastjórn Sjálfbærni-verkefnisins eigi síðar en 15. janúar. Flutningsmanni skal tilkynnt um niðurstöðu stýrihóps varðandi tillöguna eigi síðar en 4 vikum fyrir ársfund
- Vilji flutningsmaður breytingartillögu sem hefur verið hafnað af stýrihóp, bera upp tillöguna í eigin nafni skal hann tilkynna verkefnisstjórn verkefnisins það eigi síðar en 3 vikum fyrir ársfund.
- Tillögur að breytingum á sjálfbærni-vísu skulu vera öllum aðgengilegar eigi síðar en 3 vikum fyrir ársfund á heimasíðu verkefnisins.

4.7 Flæðirit



5 Uppfærslusaga

Ábyrgðarmaður	Útgáfa	Dags. síðustu rýni	Dags. Samþykktar	Breyting
Verkefnisstj.	1.0	Nóv 2011	Nóv 2011	Stofnað
Verkefnisstj	2.0	Jan 2015		Já

6 Tilkynningarlisti

- Stýrihópur
- Landsvirkjun
- Alcoa Fjarðaál